# LANDNEMINN

SAMFÉLAGSFRÆÐSLA

Hafliði Nielsen Skúlason og Omran Kassoumeh

# Saga verkefnisins

Saga Landnemans hefst árið 2019 þegar að nefnd á vegum Félagsmálaráðuneytisins ákveður að fela Vinnumálastofnun það hlutverk að sjá um Samfélagsfræðslu til fullorðinna flóttamanna á Íslandi. Þá fór boltinn að rúlla. Nefnd um innleiðingu flóttamanna er stofnuð. Við ákveðjum að finna ekki upp hjólið og förum að skoða samfélagsfræðslu til flóttamanna á Norðurlöndum. Fljótlega þrengdist fókusinn og augun beindust sérstaklega að Noregi.

## Samstarfsaðilar

Samið var við Mími um gerð námsefnis eftir okkar hugmyndum og forskrift. Samið var við Eyjafilm um gerð vídeóa og ljósmyndun fyrir vefinn. Samið var við Stefnu ehf um gerð vefsins eftir okkar hugmyndum og forskrift.

# Nafnið Landneminn

Fyrirbærið varð að heita eitthvað og það varð að vanda til nafngiftarinnar. Eftir nokkra fundi var ákveðið að efna til nafnasamkeppni innan Vinnumálastofnunar. Þátttakan var gríðarlega góð og margar góðar tillögur. Eftir umræður og atkvæðagreiðslu var tillaga :



Hrefnu Guðmundsdóttur



# Logo Landnemans

LANDNEMINN
SAMFÉLAGSFRÆÐSLA

Landneminn varð að fá eigið merki. Það varð að vera einfalt, skýrt og ekki síst fallegt. Omran tók sig til og hannaði nokkur lógó fyrir verkefnið. Á fundi var lógóið einróma samþykkt. Stórglæsilegt og lýsandi.

# Hvers vegna samfélagsfræðsla?

Það er svo mikilvægt að vel takist til með samfélagsfræðslu. Það einfaldar aðlögun og kemur í veg fyrir misskilning. Verkefnið kemur til með að vera lifandi og í sífelldri þróun. Það er ítarlegt og víðfeðmt og mikilvægt að það sé hnökralaust og hafi einungis að geyma réttar og óumdeildar upplýsingar.

Samfélagskennslan skal hafa þann útgangspunkt að upplýsingaþörfin er tvíhliða. Íslensk yfirvöld vilja koma ákveðnum upplýsingum til skila og þeir innflytjendur sem nýkomnir eru til Íslands hafa þörf fyrir tilteknar upplýsingar.



# Litur

Við val á útliti vefsins höfðum við einfaldleika að leiðarljósi. Vefurinn varð að vera skýr. Liturinn var valinn sérstaklega vegna þessa að hann skapar hlýlegt viðmót. Það er okkar mat að vel hafi tekist til og að vefurinn sé skýr og aðlaðandi.



# Hvað mörg tungumál ?

Til að byrja með er samfélagsfræðslan á sjö tungumálum. Þau eru:

## Choose language

This page is available in the following languages:

- Íslenska
- English - Enska
- Polski - Pólska
- Español - Spænska
- Arabíska - العربية
- Farsi - فارسی
- Kúrdíska - سۆرانی



Vefurinn er hannaður þannig að auðvelt er að bæta við fleiri tungumálum til að svara eftirspurn

# Hvað margir kaflar?

Námsefni Landnemans skiptist niður í sjö kafla. Þeir eru:

- Nýr innflytjandi á Íslandi
- Saga, landafræði og lífstíll
- Börn og fjölskyldur
- Heilbrigðismál
- Menntun og hæfni
- Atvinnulíf
- Lýðræði og velferðarsamfélag

Ef þörf þykir er einfalt að bæta við fleiri köflum

# Sérstaklega hannað fyrir síma

Þar sem stór hluti flóttamanna á Íslandi á ekki tölvu var vefurinn hannaður þannig að hann komi vel út í snjallsíma. Notendur með snjallsíma eiga að geta haft full not af vefnum ekki síður en þeir sem nota tölvur.



# Landneminn hefur..

| Hljóð | Myndbönd | Niðurhal | Kennslustundir |
| --- | --- | --- | --- |
| Landneminn talar! Allar glærurnar eru með hljóði | Öllum köflunum fylgir sérstakt myndband | Efnið er á PDF, PowerPoint og vídeó formati | Landnema námskeiðið tekur 60 kennslustundir |

# Staðan í dag..

Landneminn, útgáfa 101, er tilbúin 😊 Ekki bara er efnið tilbúið heldur hefir verið haldið Pilot námskeið með 16 flóttamönnum. Haldið hefur verið sérstakt 18 klukkustunda námskeið fyrir væntanlega leiðbeinendur/kennnara námsefnisins. Verið er að undirbúa annað námskeið fyrir leiðbeinendur á ensku sem haldið verður í þessum mánuði. Fyrirhugað er að halda 3 námskeið núna í september fyrir flóttamenn. Þau verða á Spænsku, arabísku og ensku.



LANDNEMINN

SAMFÉLAGSFRÆÐSLA

# Takk fyrir!